



Ágæti heilbrigðisráðherra Svandís Svavarsdóttir

Stjórn Öldungaráðs Suðurnesja hefur ákveðið að boða til opins fundar um stöðu og framtíð Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja.

Það var mjög gagnlegur fundur, sem hafin var í BlósSAL DUUS 6. apríl 2018 í Reykjanesbæ þar sem þú mættir, og fluttir ræðu og svaraðir fyrirspurnum.

Staða HSS og framtíðarhorfur þess eru enn mikið til umræðu á Suðurnesjum. Það ríkir enn ovissa hver framtíð þess verður og er það því nauðsýnlegt að vita hver stefna ríkisins er í framtíðinni.

Sveitarfélögin á Suðurnesjum stefna að því að á Suðurnesjum verði alhliðasjúkrahús, umdæmissjúkrahús eins segir í lögum um heilbrigðisþjónustu.

Fyrirkomulag fundarins er áætlað þannig að Heilbrigðisráðherra verði með ræðu og að fulltrúar sveitatjórna verði með stutt ávörp. Tveir af bæjarstjórum á svæðinu taka að sér fundarstjórn.

Stjórn Öldungaráðs Suðurnesja telur að heppilegur fundartími verði fljótlega eftir páska í apríl.

Væntum þess að þú getir fundið heppilegan tíma til að mæta hjá okkur til viðræðna um þetta mikilvæga hagsmunamál okkar Suðurnesjamanna.

Með góðri kveðju

Eyjólfur Eysteinnsson, formaður Öldungaráðs Suðurnesja